

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun.

3. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum veitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirætlum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegastæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín algjörlega á sinn kostnað og annast viðhald þeirra. Skyllt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, komi leki að þeim.

4. gr.

Hreppsnefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Enn fremur er hreppsnefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í van-skilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

5. gr.

Skyllt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

6. gr.

Af öllum húsum í Ólafsvíkurhreppi, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 1½% af fasteignamati húsa, þó aldrei minna en kr. 400.00 — fjögur hundruð — fyrir hvert hús. Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatnsveitunni.

Af húsum sem tengd eru við vatnsveituna skal greiða tengigjald kr. 500.00 — fimm hundruð — fyrir hvert hús.

7. gr.

Af húsum þeim er nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem: verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús, fisk-
verkunarhús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 2% af fasteignamatí húsa, ef vatn er ekki selt eftir vatnsmáli samkvæmt 9. gr.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir: Af hverri smálest af innvegnum nýjum fiski krónur 1.00 pr. smálest.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim notendum, sem um er getið í 7. gr., og skal þá greiða kr. 0.50, fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatt, sem um er getið í 6. gr. Hreppsnefnd sér um útvegum mælanna og uppsetningu þeirra, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að upphæð kr. 200.00 — tvö hundruð —.

10. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% — fimmtíu af hundruði —, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti eða sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Gjaldalagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 2000.00 — tvö þúsund —, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur í vatnsveitusjóð.

Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.